



Garðurinn

FRÉTTABLAÐ GARÐYRKJUFÉLAGS ÍSLANDS

2. tbl. júlí 2009 - 43. árgangur

Veffang félagsins: www.gardurinn.is og netfangið er: gardurinn@gardurinn.is

Fréttir af félaginu

Glæsileg sýning í Hveragerði

Garðyrkjufélag Íslands tók þátt í garðyrkjusýningunni „Blóm í bæ“ sem haldin var í Hveragerði dagana 26.-28. júní. Þar kynnti félagið starfsemi sína og fagnaði fjölmörgum nýjum félögum sem skráðu sig í GÍ á sýningunni. Í lok sýningarinnar fékk félagið viðurkenningu fyrir glæsilegan sýningarbás.

Blómaval og Húsasmiðjan styrktu félagið með því að lána félaginu garðhús, gróðurhús og blómakerá sýningarsvæðinu. Hellur og stiklur voru frá **BM Vallá, Þorkell Gunnarsson skrudgarðyrkjumeistari í Lystigörðum** sá um hellulögnina og grasþökur voru fengnar hjá **Grasavinafélaginu** í Gunnarshólma. Nokkrir félagar og garðplöntuframleiðendur lánuðu plöntur úr eigin görðum.

Áslaug Katrín Aðalsteinsdóttir landslagsarkitekt FÍLA, hannaði svæðið. Við hönnunina var lögð áhersla á að hún væri stílhrein og undirstrikað að umgjörð væri einföld, svo að kostir hvers byggingarefnis kæmu vel í ljós, gróður, timbur og steinn í fallegu samspili. Látlaus bakgrunnur skapar einnig aðstæður svo hver planta njóti sín.

Stjórn Garðyrkjufélagsins þakkar öllum þeim sem þarna lögðu hönd á plóg fyrir veitta aðstoð – og ekki síður þeim sem sóttu okkur heim í sýningarbásinn.

Bekkir í Hermannsgarð og Grasagarðinn í Laugardal.

Garðbakkur til minningar um heiðursfélagann Ólaf B. Guðmundsson lyfjafræðing og ritstjóra Garðyrkjuritsins frá 1968 - 2000 var formlega afhentur Grasagarði Reykjavíkur til varðveislu þann 23. júní en þá hefði Ólafur orðið níraður. Eftir athöfnina var gengið um garðinn undir leiðsögn Ingunnar Óskarsdóttur garðyrkjufraðings sem fjallaði um svokallaðar „fjögurra stjörnu plöntur“, en það var sú einkunn sem Ólafur gaf þeim fjölæru plöntum sem hann áleit mikla skartgripir fyrir alla garða.

Hermannsgarður í Guðmundarlundi ofan við Kópavog var vígður á 40 ára afmæli Skógræktarfélags Kópavogs, þann 25. júní. Við það tækifæri afhenti Garðyrkjufélag Íslands formlega garðbakk til minningar um **Hermann Lundholm**. Minningarskilti um Hermann var einnig afhjúpað, en Hermann var heiðursfélagi í Garðyrkjufélagi Íslands um árabíl.

Garðaskoðun 12. Júlí - frá kl. 13:00 til 17:00

Að þessu sinni fer garðaskoðun félagsins fram í þremur bæjarfélögum, þ.e. í Hveragerði, á Selfossi og í Reykjavík. Eftirtalda garða býðst félagsmönnum að skoða:

Í Reykjavík:

Hlaðbær 18 í Árbæjarhverfi hjá Árna og Huldu. Garður með gríðarlega miklu úrvali af fjölæringum, einnig úrval af rósum, tjörn, garðaskála og litum matjurtagarði. Sannkallaður „einn með öllu“ safnargarður sem þau hjón hafa hlúð að í 35 ár.

Í Hveragerði:

Kambahraun 59 hjá Jóni L. Arnalds og Elínu Júlíusdóttur: Verðlaunagarður frá árinu 2008. Garðurinn er sérstaklega sniðinn að húsinu sem er í austurlenskum stíl og því mikið um smávaxnar plöntur sem raðað er á þann hátt að garðurinn minnir á japanska smágarða. Garðurinn er staðsettur alveg upp við skógræktina í Hamrinum og fellur sérstaklega vel að því umhverfi.

Lyngheiði 1, hjá Péttri Reynissyni skruðg.meistara og Áslaugu Einarsdóttur: Þau hjónin hafa unnið sleitulaust í garðinum s.l. 12 ár og er án efa einn fallegasti garður Hveragerðisbæjar og sérstaklega skemmtilega uppbyggður. Garðurinn er samansettur af litlum og óvæntum íverusvæðum með úrvali fallegra dekurplantna þar sem niðurröðun einkennist af mismunandi blómgunartíma, haustlitum, laufgunartíma og litasamsetningum. Fallegur frá öllum sjónarhornum og einnig í öllum hornum!

AÐ AUKI: Verðlaunagarðar Hveragerðisbæjar 2009: Kambahraun 10, Valsheiði 7 og Hraunbær 6. Þessir garðar verða einnig til sýnis þennan sama dag frá 13-17. Allt saman skínandi fallegir garðar. Garðamenning er mikil í Hveragerði og vel þess virði er að eyða þar heilum degi í það að gægjast yfir grindverk og limgerði - en margir glæsigarðar Hvergerðinga blasa líka við vegfarendum frá götunni!

Á Selfossi:

Lambhagi 20 hjá Svanhvít og Þráni: Falleg tenging og samspil við garðana í kring. Mikið úrval af sjaldgæfum trjáplöntum og gott fyrirkomulag á þeim. Matjurtagarður. Stór garðstofa. Garður natni, snyrtimennsku og gestrisni. Allt á sínum stað, geislandi af væntumþykju og lífsgleði!

Fagurgerði 4 hjá Erni og Kristínu: Gamall og hlýlegur trjágarður. Fjölbreyttur, fullvaxinn trjágróður, sjaldgæf tré og runnar. Stórt heimilisgróðurhús. Matjurtagarður. Garður náttúruskoðarans og fuglavinarins. Umlykjandi kyrrð og ró í garði sem annars hentar vel fyrir flautuleik og ljóðalestur!

Merkiland 8 hjá Mary og Ægi: Stórkostlegur „grasagarður“ með ótrúlega mörgum tegundum hvaðanæva að. Margt nýtt og óséð áður hér á landi. Tvö gróðurhús og stór matjurtagarður. Garður hins einbeitta safnara fyrir forvitna! Garðurinn er fremur lítill miðað við plöntufjölda og því þarf að ganga varlega um hann – og auðvitað í einni röð á mjóum stígnum.

Garðagöngur Garðyrkjufélagsins sumarið 2009

Mjög vel hefur verið mætt í garðagöngur sumarsins Félagar og aðrir gestir fjölmenntu í garðagöngu á **Jónsmessu**, en gengið var um sögufrægar slóðir í Þingholtunum. Leiðsögumenn í göngunni voru Hafsteinn Hafliðason garðyrkjufræðingur og Guðjón Friðriksson sagnfræðingur sem fræddu göngufólk um gömul hús og garðana umhverfis þau.

Næsta garðaganga á vegum félagsins verður **þann 22. júlí** en þá verður **Trjásafnið í Meltungu í Fossvogsdal** skoðað. **Leiðsögumenn:** Friðrik Baldursson, garðyrkjustjóri Kópavogs og Guðmundur Vernharðsson, garðyrkjufræðingur. **Mæting í Gróðrarstöðinni Mörk við Stjörnugróf kl. 20:00.**

Síðasta garðaganga sumarsins verður svo 26. ágúst. Þá verður gengið um **Trjásafnið og Rósagarðinn í Höfðaskógi**. Trjásafnið í Höfðaskógi var formlega opnað á 50 ára afmæli Skógræktarfélags Hafnarfjarðar árið 1996. Í safninu eru nú á þriðja hundrað tegundir trjáa og runna. Rósagarðurinn, sem er samstarfsverkefni Rósaklúbbs GÍ og Skógræktarfélags Hafnarfjarðar, var formlega vígður árið 2005. Þar eru nú á annað hundrað yrki af harðgerðum rósum. **Leiðsögumaður:** Steinar Björgvinsson. **Mæting í bækistöðvum Skógræktarfélags Hafnarfjarðar og Gróðrarstöðvarinnar Þallar við Kaldárselsveg í Hafnarfirði kl. 20.00.**

Sjá nánar um garðagöngurnar á vef félagsins: www.gardurinn.is.

Sumarferð GÍ 2009

Sumarferð Garðyrkjufélagsins verður um **SUÐURLAND á sunnudeginum 26. júlí**. Margt markvert verður að skoða og víða komið við. Reiknað er með að fara frá **Breiðholtskirkju kl. 09:00** og að aftur verði komið til Reykjavíkur milli kl. 18-19. Nánari upplýsingar fást á skrifstofu félagsins í síma 552-7721 og á heimasíðu GÍ er nær dregur.

Haustlaukarnir

Haustlaukalisti með nýju sniði er væntanlegur inn á heimasíðu, væntanlega 10-15. ágúst og verður þá póstlagður til félaga.

Frá félagsdeildunum

Viðburðir Garðyrkjufélags Akureyrar

Plöntuskiptadagur – skipt á fjölæringum, matjurtum, trjá- og runnaplöntum var laugardaginn 23. maí. Vel sótt og vel lukkað. **Fyrsta Garðaröltið var svo** þriðjudaginn 23. júní þegar skoðuð var rauðrófnaræktun í garði Kristínar Aðalsteinsdóttur, Aðalstræti 52, og í leiðinni var litið við í öðrum görðum í Innbænum. **Í öðru Garðaröltinu þriðjudaginn 14. júlí** verður rölt í verðlaunagarða Sigríðar Helgadóttur, Mýrartúni 12 og Runólfs Elentínussonar, Melateigi 21 – Mætt í Mýrartúni kl. 20:00. **Námskeið** í geymslu og nýtingu matjurta og krydda – er fyrirhugað í byrjun ágúst.

Garðarölt 3: Garður Helga Þórssonar í Kristnesi heimsóttur – **fimmtudaginn 20. ágúst**, klukkan 20.

Garðarölt 4: Gengið ævintýraleiðir með leiðsögn um trjásafnið við Gömlu gróðrarstöðina á meðan kolin hitna fyrir uppskeruhátíð Nytjagarða Akureyrar – **laugardaginn 22. ágúst**, klukkan 17.

Námskeið í jarðgerð í umsjón Jóhanns Thorarensens – verður **þriðjudaginn 8. september**, klukkan 19:30 í Ræktunarstöð Akureyrarbæjar, Krókeyri.

Námskeið í ræktun ávaxtatrjáa með Jóni Guðmundssyni á Akranesi í tengslum við aðalfund Garðyrkjufélagsins – **í lok september**.

Matjurtaklúbburinn:

Matjurtaklúbburinn efnir til **dagsferðar laugardaginn 11. júlí**. Farið verður með rútu og lagt af stað **kl 10** stundvíslega frá **Breiðholtskirkju** (*Indíjánaþjaldinu í Mjóddinni!*). Ekið verður austur fyrir Fjall og garðyrkjubýlin **Akur og Engi í Laugarási í Biskupstungum** heimsótt. Bændurnir á þessum býlum hafa lengi verið í framvarðarsveit í lífrænni ræktun **mat- og kryddjurta** og óþreytandi við að brydda upp á nýjungum á því sviði. Bændurnir á Engi hafa lengi verið stundað **lífræna ræktun kryddjurta**, en nú hafa þau plantað fjölda **ávaxtatrjáa** og einnig **nýjum salattegundum**. Á Akri er stunduð **fjölbreytt gróðurhúsaræktun**. Margt er að skoða og sjá í Laugarási, en ef tími reynist til á heimleiðinni verður komið við í Nátthaga, hjá Ólafi Njálssyni, en hann hefur meðal annars verið að selja ávaxtatré og forvitnilega berjarunna.

Takið með ykkur nesti og verið klædd eftir veðri. Rútuferðin auk leiðsagnar á staðnum **kostar 2.500 kr.**

Vinsamlega skráið ykkur í ferðina á gardurinn@gardurinn.is fyrir en síðar, því sætafjöldi er takmarkaður.

Miðvikudagskvöldið 5. ágúst verður svo kvölðrölt í matjurtagarða. En í haust yljum við okkur svo við minningar og ræðum um uppskeru sumarsins, bæði það sem fór ofan í magann og það sem situr í sálinni.

Selfoss

Plöntuskiptadagur var haldinn í Tryggvagarði 14 júní. Margir komu, mikið spjallað. **Fræðslufundur um sumargræðlinga** í Bæjargarðinum kl. 20:00 – 21:00 **fimmtudaginn 16. júlí**.

Fræsöfnunarnámskeið fyrirhugað um miðjan ágúst.

Aðalfundur verður haldinn í byrjun september. Tveir síðustu liðirnir verða auglýstir nánar á www.gardurinn.is þegar nær dregur.

Rósaklúbburinn

Fimmtudagur 13. júlí kl. 19.00 – Rósagarðurinn í blóma. [Ath. breytta dagsetningu!](#)

Leiðsögn um garðinn þar sem skoðaðar verða þyrnirósir í blóma og rætt um hin mismunandi yrki.

Miðvikudagur 29. júlí kl. 19.00 - Rósagarðaganga-Rósaskoðun. - Nánari dagskrá auglýst síðar.

Mið. 9. september kl. 20.00. – Rósapöntunarfundur. - Sagt verður frá rósum sem fyrirhugað er að panta og myndir sýndar af þeim.

Sauðárkrókur

Allt gott að fréttu frá okkur í Garðyrkjufélagi Skagafjarðar. Það sem framundan er hjá okkur er **sumarferðin okkar**, að þessu sinni ætlum við að fara á Akureyri og skoða þar garða og heimsækja garðyrkjustöðvar í nágrenninu. **Ferðin verður farin 16. júlí. Garðaskoðun heima** í héraði verður á Sauðárkróki, væntanlega **kringum mánaðamótin júlí/ágúst**, dagsetningin hefur ekki verið ákveðin.

Við höldum okkar árlega blómabasar á planinu við Varmahlíð og hann gekk mjög vel.

Bestu kveðjur úr veðurbliðunni hér í Skagafirði.

Sigrún H. Þorsteinsdóttir formaður.

Garðyrkjufélag Íslands er elsta áhugamannafélag landsins og hefur starfað óslitið frá árinu 1885 og verður því 125 ára á næsta ári. Um 2000 einstaklingar eru í félaginu nú – og þeim fjölga dag frá degi! Og mottóið okkar gæti verið:

Græðum með gleði! – en það er enginn „útrásartónn“ í því, bara ræktunaránægjan! Starfsemi félagsins felst fyrst og fremst í að skapa vettvang og farvegi fyrir samskipti allra þeirra sem hafa áhuga á að „rækta garðinn sinn“ og skiptast á reynslu við aðra sem eru á sama áhugasviði.

Deildirnar og klúbbarnir hafa mikla þýðingu fyrir samskiptin og félagsstarfið. Þess vegna er afar mikilvægt að þið sendið okkur fréttir og tillögur á gardurinn@gardurinn.is eða á pósthafn félagsins: **Frakkastíg 9, 101 Reykjavík**. Einnig viljum við minna félaga á að tilkynna okkur ný og breytt heimilisföng og netföng.

Góð ráð: Sumargræðingar af skrautrunnum

Auðvelt er að fjölga flestum skrautrunnanna í görðunum okkar með sumargræðingum. Þ.e. laufguðum græðingum, teknum af vaxandi árssprotum. Græðingarnir eru teknir um miðjan júlí – eða um leið og þeir eru byrjaðir að tréna vel neðantil. Mjúkum og linum toppsprotum er hent. Líka sprotum sem myndað hafa blómburum fyrir næsta ár (eða blómburmið fjarlæggt, sé það hægt án þess að skemma nærliggjandi laufbrum).

Þetta eru algild ráð sem eiga við í flestum tilvikum laufgaðra runna og runnarósa.

Lengdin fer eftir tegundinni, en græðingurinn þarf að hafa a.m.k. eitt laufbrum, helst tvö til þrjú. Venjuleg lengd er á bilinu 7-14cm.

Áhöld og útbúnaður sem til þarf er ekki flókinn. Fyrst og fremst eitthvað ílát sem er a.m.k. 7cm djúpt. Á heimilum falla oft til plastumbúðir eins og t.d. djúp plastbox undan mjólkurís. Þau eru fin til þessa brúks (gerið nokkur smágöt á hliðunum, ca 1cm ofan við botninn). Einnig venjulegir 12-14cm plastblómsturpottar. Svalakassar úr plasti eru líka finir ef græðingafjöldinn skiptir einhverjum tugum. Svo þurfum við góðar kvistklippur, vikursand eða 50:50 blöndu úr sáðmold (úr búð!) og fremur grófum sandi (ca: sagógrjóna/hrísgrjóna-stærðin!). Gott er að hafa einhvern staut til að gera holu fyrir græðingana (gamall kúlupenni er finni í það!). Og svo þurfum við nokkra bambuspinnna (grillpinna!) og plastpoka sem hægt er að hvolfa yfir græðingailátið eða að setja það í.

Þegar græðingarnir eru klipptir af runnunum og við vitum að einhver tími mun líða áður en við getum gengið frá þeim er eiginlega nauðsynlegt að vefja þá inn í rakan pappír (t.d. WC-pappír) og geyma þá svo í lokuðum plastpoka þar sem engin hætta er á að sólin geti skinið á þá.

Þegar heim er komið eru græðingarnir snyrtir. Öll blöð sem annars færu ofan í „moldina“ eru fjarlægð. Efstu eitt til tvö blöðin eru skilin eftir. Mjúkir toppar klipptir burt. Ef blöðin eru mjög stór, eins og t.d. á sýrenum, má klippa þau þvert yfir til að minnka þau. Þá verður minni útgufun og rýmið nýttist líka betur. Af rósarunnum þarf að fjarlægja sem mest af þyrnum sem annars lentu niðri í rættingarefninu.

Hafið „græðingaboxið“ tilbúið. Notið hrein ílát og fyllið þau með hreinu vikursandi (kornastærðin: sagógrjón-maísbaun) eða helmingablöndu úr sótthreinsaðri sáðmold og sandi (kornastærðin: sagógrjón-hrísgrjón). Notið ekki ræktunarmold – hún er of sterk og svo eru líkur á að með henni berist óæskilegt örverulíf sem ræðst á græðingana! Rættingarsvæðið þarf að vera a.m.k. 7cm djúpt. Vökvið og þjappið létt þegar búið er að fylla ílátið til að koma í veg fyrir holrúm.

Stingið græðingunum ögn hallandi (60-70°), gerið holu fyrir þá með pennanum og hafið 3-4cm á milli þeirra. Eftir því sem loft á greiðari aðgang niður í rættingarefnið verður rætting græðinganna betri – svo það hefur ekkert upp á sig að „troða“ sem flestum græðingum í lítið ílát. Í 12-14cm pott er hæfilegt að setja bara 4-5 græðinga. Látið helst tvo þriðju af lengd græðinganna vera niðri í rættingarefninu. Þjappið rættingarefninu svo vel á milli græðinganna þegar ílátið er fullt – og vökvið lauslega á eftir.

Að lokum þarf að breiða yfir til að draga úr uppgufun og tryggja að rakastigið haldist sem jafnast. Stingið bambuspinnunum niður með jöðrum ílátsins og hvolfið plastpoka yfir eða, ef pokinn er nægilega stór, setjið ílátið inn í poka og fellið síðan opið aftur undir því.

Veljið ílátinu stað á björtum stað þar sem ekki er hætta á að sól geti „soðið það“. Innanhúss henta norðurluggar ágætlega, annars í gróðurskála þar sem nokkurn skugga ber á um hádaginn. Harðgerðustu runnarnir þola alveg að standa í góðu skjóli úti í garðinum, t.d. á pallinum eða svölunum. Rættinginn gengur samt hraðar fyrir sig ef hægt er að halda hitanum jöfnum á bilinu 18-22°C.

Fylgist reglulega með framvindunni. Loftið af og til, úðið aðeins yfir með ferskum vatnsúða þegar þarf og verið á varðbergi gegn myglusveppum. Fjarlægið öll sölnuð eða mygluð blöð strax. Til sóttvarna og gegn myglusveppunum má úða með mildu natrónvatni af og til (þ.e.: ein teskeið af matarsdóða [natróni] leyst upp í hálfum lítra af vatni, sett á úðabrusa!).

Forðist að róta í græðingailátinu þar til þið sjáið að græðingarnir eru farnir að sýna merki um vöxt. En yfirleitt liggur ekkert á að umpotta græðingunum fyrir haustið þótt þeir hafi rótað sig fljótt og vel. Það er að jafnaði betra að geyma þá í skýldum gróðurreit eða frostlausu gróðurhúsi fyrsta veturinn og umpotta þeim svo að vori þegar þeir fara að bæra á sér. Gætið þess þó að hafa ekki mjög blautt í ílátinu yfir veturinn, það þarf þó að vera rakt – eða öllu heldur þvalt!

NB.: Rættingarhvataefni má kaupa í garðyrkjuverslunum. Þau flýta nokkuð fyrir rættingu, en skipta yfirleitt ekki sköpum. Græðingarnir ræta sig engu að síður án þeirra. En það er líka hægt að útbúa **heimagerðan rættingarhvata** með því að skafa börk af ungum víði- eða aspargreinum merja hann aðeins í morteli eða með hamri og gera svo úr honum te sem græðingarnir eru látnir standa í yfir nótt eftir að teið hefur svalnað vel. – Hæfilegt magn af berki í hvern hálfan lítra af vatni er að hnoða kúlu á stærð við hænuegg úr honum. Ef rættingarhvataefni eru notuð þarf að beita þeim áður en græðingunum er stungið í rættingarefnið.

Texti: Hafsteinn Hafliðason.

Ljósmyndasýning um loftslagsbreytingar – Umhverfisráðuneytið auglýsir eftir myndum

Umvhverfisráðuneytið ætlar að setja upp færanlega ljósmyndasýningu í haust til að vekja athygli á loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra í náttúru Íslands. Ljósmyndirnar eiga t.d. að sýna plöntur og dýrategundir sem hafa fært sig til, nýja landnema eða jökla sem hafa hropað. Með hv erri mynd yrði stuttur texti um myndefnið og áhrif loftslagsbreytinga á það. Ráðuneytið óskar eftir ábendingum um ljósmyndir sem myndu sóma sér vel á slíkri sýningu. Sendið endilega tölvupóst ef þið eigið eða vitið um góða mynd eða myndir sem sýna breytingar í náttúru Íslands vegna hlýnunar á netfangið:

gudmundur.hordur.gudmundsson@umh.stjr.is